

Viðskiptaráð Íslands
b.t. stjórnar
Kringlunni 7
105 Reykjavík

Vegna fréttatilkynningar Viðskiptaráðs undir heitinu „Virk samkeppni grundvöllur endurreisnar“, dags. 27. ágúst 2009, vil ég f.h. Sementsverksmiðjunnar hf. taka eftirfarandi fram:

Í tengslum við þá umræðu sem spunnist hefur undanfarna daga í fjölmiðlum um málefni Sementsverksmiðjunnar er rétt að halda því til haga að sjónarmið um nauðsyn opinberrar aðstoðar eða höft á samkeppni á sementsmarkaði eru ekki frá Sementsverksmiðjunni komin enda hefur hún ekki farið fram á opinberan stuðning af neinu tagi. Við teljum þó að Viðskiptaráð hefði mátt kynna sér þetta tiltekna mál betur og öll sjónarmið áður en ráðið lét frá sér opinbera skoðun á málinu. Sementsverksmiðjan gerir að sjálfsögðu enga athugasemd við þátttöku Aalborg Portland á íslenskum samkeppnismarkaði svo fremi sem fyrirtækið virði heiðarlega viðskiptahætti. Á það skortir verulega eins og glögglega kemur fram í töflunni hér fyrir neðan. Hún gefur fullt tilefni til ítarlegrar skoðunar. Hún sýnir samanburð á meðalverði á sementi frá lager í Danmörku til stórnotenda á danska markaðnum og FOB verði á sementi frá Aalborg Portland til Íslands samkvæmt upplýsingum frá Hagstofunni.

	Danskt sement FOB verð í DKK	Sementsverð í Danmörku af lager (DKK)	Danskt sement, verð til Íslands sem hlutfall af verði í Danmörku
2000	312.77	440.10	71%
2001	283.67	480.60	59%
2002	252.67	486.37	52%
2003	250.06	478.06	52%
2004	285.15	468.65	61%
2005	336.79	493.46	68%
2006	265.36	513.38	52%
2007	314.40	556.02	57%
2008	306.30	586.03	52%
Þróun:	-9%	33%	

Eins og sjá má er sementsverð til Íslands aðeins um helmingur verðsins í Danmörku og vekur 9 prósentu lækkingu á tímabilinu sem hér um ræðir sérstaka athygli. Á sama tímabili hækkaði sementsverð Aalborg Portland um 33 prósent sem er í samræmi við almenna verðlagsþróun á mörkuðum ytra og vegna umframeftirspurnar á sementi. Sú spurning vaknar hvers vegna verðið lækkaði hér á landi í ljósi þeirrar gífurlegu eftirspurnar sem hér var um árábil. Ekki verður annað séð en að Aalborg Portland hafi stundað stöðug undirboð allt frá þeim tíma er fyrirtækið kom á ný inn á markaðinn á Íslandi. Það eru vinnubrögð sem Sementsverksmiðjan á erfitt með að sætta sig við og áskilur sér rétt til að skoða frekar.

Reykjavík 1. september 2009.

Gunnar H. Sigurðsson,
framkvæmdastjóri Sementsverksmiðjunnar hf.

Afrit sent:

Samtök iðnaðarins
Samtök atvinnulífsins
Alþýðusamband Íslands
Alþingismenn